

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, bætist:

VIII. KAFLI**Framhaldsdeildir.**

65. gr.

Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.

66. gr.

Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Benedikt Egilssyni, bónda, Volaseli, Bæjarhreppi, eyðijörðina Krossaland í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.